

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Jafet Ólafsson	Fundur nr. :	6 og 7
Fundarritari: Sigurður Páll Steindórsson	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Jafet Ólafsson (JÓ) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Gunnlaugur Karlsson (GK) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Ólöf Þorsteinsdóttir (ÓP) Sigurður Páll Steindórsson (SPS) Sunna Ipsen (SI)	Dagsetning:	28.12.2021 og 12.1.2021
	Frá kl.:	
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur:	2. febrúar 2022

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Engar athugasemdir voru við fundargerð síðasta fundar.
2	<u>Nýr framkvæmdastjóri og nýr forseti</u> Samið hefur verið við MI um að taka við sem framkvæmdastjóri BSÍ þann 1. mars næstkomandi. Auglýst verður eftir nýjum forseta fljótlega en JÓ hyggst hætta sem forseti að loknu ársþingi 20. febrúar næstkomandi.
3	<u>Reykjavík Bridgehátíð 2022</u> Á fundinum 28. desember var ákveðið að stefna að því að halda Bridgehátíð í Hörpu eins og til hefur staðið. MI hafði gert samkomulag við Center Hotel keðjuna um að BSÍ fengi 5-6 herbergi til úthlutunar fyrir hátíðina en auglýsti í staðinn hótelið á heimasíðum sambandsins og hátíðarinnar. Ákveðið var að stefna að þriggja ára samningi við Center Hotel. Einnig var rætt um mögulega kostendur að hátíðinni í framtíðinni og auglýsingar á heimasíðunum. Á fundi 12. janúar var hins vegar ákveðið að hætta við að halda Bridgehátíð í Hörpu sökum stöðunnar í Covid-faraldrinum. Í staðinn var samþykkt að BSÍ stæði fyrir veglegu netmóti á sama tíma og hátíðin átti að fara fram á. HE og MI fengu það verkefni að útfæra netmótið í samstarfi við Svein Rúnar, Vigfús og fleiri. Jafnframt var ákveðið að BSÍ sendi bréf á alla erlenda aðila sem þegar höfðu skráð sig á hátíðina.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
4	<p><u>Ársþing 2022</u></p> <p>Ársþingið verður haldið 20. febrúar næstkomandi. Ársreikningar eru í vinnslu hjá bókkara. JÓ tekur saman ársskýrslu og sendir á stjórn til yfirferðar. ÓP tekur saman texta til að minnst þeirra sem fallið hafa frá.</p> <p>HE er búinn að taka saman punkta v/lagabreytinga og senda á valda aðila til yfirferðar. Tilkynna þarf um lagabreytingar með þriggja vikna fyrirvara svo tillögurnar þurfa að liggja fyrir um mánaðamótin.</p>
5	<p><u>Önnur mót</u></p> <p>Deildakeppninni (seinni hluta) hefur verið frestað um óákveðinn tíma v/faraldursins. Þetta var tilkynnt á netinu.</p> <p>Spilað var við Hollendinga 21. janúar á Real Bridge.</p>
6	<p><u>Heimsókn ráðherra</u></p> <p>Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, mætti á stjórnarfundinn 28. desember. Hann heilsaði stjórninni og fékk stutta kynningu á starfseminni, fjármálum sambandsins, húsnæðismálum, mótahaldi o.fl.</p>
7	<p><u>Annað</u></p> <p>Klára þarf að ganga frá greiðslum til Daníels v/heimasíðumála. Lagt til að Sverrir Kristinsson fái framvegis frítt á Bridghátíð vegna síns framlags til heimasíðugerðar.</p> <p>GK tilkynnti að hann er búinn að ræða við Íslandsbanka um styrk vegna kvennabridge.</p> <p>HE leggur til að skoðað verði að koma upp greiðslukerfi á bridge.is.</p> <p>MI leggur til að tölvu- og hugbúnaður BSÍ verði fljótlega endurskoðaður í heild sinni.</p>